

Mál nr. 62/2008

Brynjar Örn Baldvinsson (B)
og
X hf. vegna fasteignatryggingar

Tjón vegna vatnsleka.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 8. apríl ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 11. apríl 2008.

Málsatvik.

Vatnstjón varð á vegg og parketi á heimili B. B krafðist bóta úr fasteignatryggingu og taldi að þétting meðfram heitavatnslögn í blöndunartækjum í baðherbergi hefði skyndilega gefið sig. Tryggingafélagið hafnar bótaskyldu þar sem ástæða vatnstjóns hafi verið að frágangur meðfram hitavatnslögn í blöndunartæki hafi ekki verið nægilega vandaður. Kítti meðfram lögn hafi ekki náð að loka fyrir gatið og því verið greið leið fyrir vatn inn í vegginn og niður undir parket. Hovrugt sé mistök eða skyndileg bilun.

Álit.

Í skilmálum fasteignatryggingar kemur fram að bættar séu skemmdir af völdum vatns af skyndilegum og óvæntum leka. Gögn málsins sýna að ekki var nægilega vel gengið frá blöndunartækjum þannig að vatn átti greiða leið inn í vegg. Fellur slíkt ekki undir skilmála fasteignatryggingarinnar. Tjónið bætist ekki.

Niðurstaða.

Tjón B vegna vatnsskaða bætist ekki úr fasteignatryggingu B.

Reykjavík, 6. maí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.